

16. MARS
2023

HARPA
ELDBORG

Bertrand de Billy stjórnar Brahms

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Forleikur 4'

Sinfónía 45'

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Bertrand de Billy stjórnar Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bertrand de Billy

Hljómsveitarstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir

Kynnir

Wolfgang Amadeus Mozart

Brúðkaup Fígarós, forleikur (1786)

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 73 (1877)

Allegro non troppo

Adagio non troppo

Allegretto grazioso – quasi andantino

Allegro con spirito

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Bertrand de Billy

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy hefur náð frábærum árangri jafnt sem stjórnandi sinfóníutónleika og í óperuhúsum víða um heim. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórnandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómveit Vínborgar (2002–2010). Hann var einnig um árabíl aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Dresden og Kammer-sveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur gestastjórnandi framúrskarandi hljómveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómveitinni, Konzerthaus-hljómveitinni í Berlín og Útvarpshljómveitinni í Bæjaralandi auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Bertrand de Billy hefur fimm sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir, en hann tók við stöðu aðalgestastjórnanda hljómveitarinnar haustið 2021 og gegnir þeirri stöðu út vorið 2023. Meðal verkefna hljómveitarinnar undir hans stjórn hefur verið að flytja allar sinfóníar Jóhannesar Brahms. Tvær þeirra hafa þegar fengið að hljóma á tónleikum hljómveitarinnar með de Billy á stjórnendapalli, sú fyrsta haustið 2021 og sú þriðja í síðustu viku. Önnur höfuðverka tónskáldsins hafa ratað inn á efnisskrár de Billy á síðustu tveimur árum og má þar nefna Þýska sálumessu sem flutt var á síðasta starfsári. Brahms-hringurinn svokallaði verður svo til lykta leiddur í júní næstkomandi þegar fjórða sinfónían fær að hljóma ásamt fiðlukonsertinum, en þar fer þýsk-bandaríski fiðluleikarinn Augustin Hadelich með einleikshlutverkið.



Wolfgang Amadeus Mozart

BRÚÐKAUP FÍGARÓS, FORLEIKUR

Pierre Beaumarchais (1732-1799) samdi þrjá gamanleiki um þjóninn Fígaró og herra hans, Almaviva greifa. Fyrstur þeirra er *Rakarinn í Sevilla* eða *Fyrirhyggjan gagnslausa* (*Le Barbier de Séville* ou *La Précaution inutile*). Næstur í röðinni kemur svo *Brjálaður dagur* eða *Brúðkaup Fígarós* (*La Folle Journée* ou *Le Mariage de Figaro*) og loks *Seka móðirin* (*La Mère coupable*). Beaumarchais lauk við annan gamanleikinn í röðinni (*Brjálaður dagur* eða *Brúðkaup Fígarós*) árið 1778 og leikflokkurinn Comédie Française hugðist taka hann þegar til sýninga, það er að segja eftir opinbera ritskoðun. Ekki fór þó betur en svo að eftir að gamanleikurinn hafði verið lesinn fyrir konunginn, Loðvík XVI., bannaði hann opinberan flutning, enda hæðist leikskáldið eftirminnilega að aðlinum í verki sínu. Eftir að hafa umskrifað verkið – þar sem sögusviðið var meðal annars flutt til Spánnar – fékkst loks leyfi fyrir opinberum flutningi árið 1781 en það komst loks á fjalirnar 1784 og sló rækilega í gegn.

Brúðkaup Fígarós er fyrst svonefndra Da Ponte-ópera Mozarts (hinar eru *Don Giovanni* og *Così fan tutte*). Óperan er að vísu sungin á ítölsku og textahöfundurinn, Lorenzo Da Ponte, mildaði mjög pólitíska ádeilu Beaumarchais, enda var leikritið sjálf bannað í Vínnaborg. Það var Mozart sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Burgtheater í Vínnaborg í maí 1786. Strengir og fagott æða áfram frá fyrsta takti áður en öll hljómsveitin bætist við en stef forleiksins vísa hvergi beint í óperuna sjálfa sem er óvenjulegt í tónsmíðum Mozarts (en þó ekki alveg óþekkt).

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var í júní 1950 sem forleikurinn úr Brúðkaupi Fígarós hljómaði fyrst í flutningi nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá var óperan flutt í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Kurts Bendix, en söngvarar voru fengnir úr Konunglegu óperunni í Stokkhólmi. Næst heyrðist forleikurinn sex árum síðar, þegar Páll Ísólfsson stýrði Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum í Þjóðleikhúsinu. Óperan var sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu árið 1969, að þessu sinni með íslenskum söngvurum, og Íslenska óperan hefur þrisvar sinnum tekið hana til sýninga, 1989, 2004 og 2019 (síðast í Þjóðleikhúsinu). Forleikurinn hefur margoft hljómað í flutningi SÍ, síðast árið 2022 undir stjórn Evu Ollikainen.



Johannes Brahms

SINFÓNÍA NR. 2, OP. 73

Það tók Johannes Brahms (1833–1897) 21 ár að ljúka við fyrstu sífóníu sína en biðin eftir sífóníu númer tvö var öllu styttri. Hún leit dagsins ljós árið 1877, það er að segja um ári eftir frumflutning fyrstu sífóníunnar, en verkið samdi tónskáldið þá um sumarið í litlum og undurförum sumardvalarstað í Austurríki, Pörschach am Wörthersee. Kannski hafði umhverfið einmitt áhrif á Brahms, enda sagði hann í bréfi til vinar að á þessum slóðum væru „svo margar laglínur flögrandi um að maður verður að vara sig á því að stíga ekki á þær.“ Kom það heim og saman við upplifun vinar tónskáldsins eftir að hafa lesið raddskrá verksins: „Hér er ekkert nema blár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“

Sífónían var frumflutt í Víðnarborg í desemberlok 1877. Þá hafði frumflutningum raunar verið frestað um tæpan mánuð því hljómsveitin, Víðnarfílharmónían, var upptekin við að æfa Rínargullið eftir Richard Wagner. Það þótti á sínum tíma býsna írónískt, enda voru Brahms og Wagner andstæðir pólar í þýskri tónsköpun á síðari hluta 19. aldar. Brahms tilheyrði íhaldssamari arminum meðan Wagner vildi brydda upp á nýjungum í stíl og formi. Hvað um það, frumflutningnum var feikna vel tekið, til að mynda af hinum áhrifamikla austurríska gagnrýnanda Eduard Hanslick sem sagði meðal annars að sífónían „stafaði hlýjum sólargeislum á bæði lærða og leika“.

Sífónía nr. 2 er glaðvær og hefur henni stundum verið líkt við sveitasífóníu Beethovens (nr. 6). Íhaldssamt tónskáldið boðar að vísu enga byltingu í formi en ríkulegir hljómar, hugvitsöm úrvinnsla stefja og fjölbreytt notkun hryns er meðal þess sem einkennir tónsmíðina. Þannig má færa sterk rök fyrir því að meðferð Brahms á hinu sífóníska formi sé í raun meistaraleg.

Verkið er í fjórum þáttum; harður fyrsti þátturinn (*Allergo non troppo*) hefst á leik sellóa og kontrabassa en ef vel er lagt við hlustir má heyrja í þættinum enduróm af frægri

vögguvísu eftir Brahms, *Wiegenlied*. Upphafsstef annars þáttar (*Adagio non troppo*) er kynnt til sögunnar af sellóum sem fagottin svo svara en í þættinum leikur Brahms sér svo með ólík tilbrigði við aðalstefin. Í stuttum þriðja þætti (*Allegretto grazioso – quasi andantino*) heyrum við fín-gerðari stef en í öðrum þáttum verksins. Það má svo segja að verkið springi út í fjörugum lokaðættinum (*Allegro con spirito*); lokataktarnir eru sérstaklega glæsilegir en þar má einmitt heyra málmblásturhljóðfærin í essinu sínu.

Magnús Lyngdal Magnússon

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur margsinnis flutt símfóníu nr. 2 eftir Brahms. Fyrst hljómaði hún í Þjóðleikhúsinu 1951, þegar Róbert A. Ottósson hélt um tónsprotann, en þau sem hafa stjórnað verkinu í Hörpu eru Vladimir Ashkenazy (2015), Karina Canellakis (2017) og Eva Ollikainen (2021).

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Emma Steele
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Pétur Björnsson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Kateryna Mysechko
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

Víóla

Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Pórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Helga Björg Ágústsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Gunnar Helgason

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Pákur

Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækni maður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

Á döfinni


30.03 FIMMTUDAGUR
Kl.19:30



Sæunn leikur Shostakovitsj

Kóreska tónskáldið Unsuk Chin hefur um árabil verið í hópi fremstu samtímatónskálda á heimsvísu. Verkið *Subito con forza* samdi hún í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens en það var frumflutt á Proms-tónlistarhátíðinni 2021 og hlaut þar lofsamlega gagnrýni. Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, er einn fremsti sellisti Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún heldur tónleika víða um heim, er m.a. fastagestur í Carnegie Hall og kom fram með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles á rómaðri Íslandshátíð þeirra. Þá hefur hún verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hér leikur hún fyrri sellókonsertinn eftir Shostakovitsj en konsertinn samdi tónskáldið árið 1959 og tileinkaði góðvini sínum, rússneska sellóleikaranum Mstislav Rostropóvitsj. Belarúsinn Dmitry Matvienko bar sigur úr býtum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021. Hann stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta skipti en síðast á efnisskránni hljómar sveitasinfónía Beethovens.

14.04 FÖSTUDAGUR
Kl.19:30



Anna, Sibelius og Tsjajkovskíj

Á þessum síðustu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg fyrir tónleikferð sína um Bretland má segja að kosmískir kraftar leysist úr læðingi. Á fyrri hluta tónleikanna hljóma bæði margrómað hljómsveitarverk Önnu Þorvaldsdóttur, METACOSMOS, sem hljómað hefur af sviðinu hjá mörgum af helstu sinfóníuhljómsveitum heims, og hið óvenjulega meistaraverk Sibeliusar, Luonnotar, en það er samið við erindi úr þjóðkvæðabálkinum Kalevala þar sem segir frá sköpun heimsins. Einsöngvari í tónaljóði Sibeliusar er finnska sópran-söngkonan Anu Komsí. Hún hefur hlotið mikið lof fyrir raddfegurð sína, feikilega tækni og frumleg tók, jafnt á hefðbundnum söngperlum og framsækinni samtímatónlist. Í upphafi tónleikanna hljómar einskonar konsert fyrir kólóratúr-sópran, Voice verser, sem finnska samtímatónskáldið Jukka Tiensuu samdi fyrir Komsí. Verkið er óður án orða til raddarinnar og möguleika hennar – tónmálið er frumlegt, framandi og fullt af glettni. Tónleikunum lýkur á einu af öndvegisverkum Tsjajkovskíjs, fimmtu sinfóníunni, sem hann samdi á hátindi ferils síns, skömmu áður en hann hófst handa við ballettinn um Þyrnirós. Verkið hefur hrifið hlustendur allt frá fyrsta degi.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
BRASSERIE & BAR



satt

SLIPPBARINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 20 | HARPA
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvenna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrifandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HEFST 20. MARS